

Borgarbyggð
Þóra Margrét Júlíusdóttir
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík, 14. febrúar 2023
UST202301-296/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 – 2022 og nýtt deiliskipulag – Breiðabólsstaður

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 19. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu vegna breytingar á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 - 2022 fyrir Breiðabólsstað 2 í Reykholtssdal og nýs deiliskipulags.

Í greinargerð kemur fram að fyrirhugað er að stækka núverandi íbúðarsvæði (Í3) um 26,3 ha sem verður 28,6 ha að stærð eftir breytingu. Því verður athafnasvæði A1 fellt úr skipulagi og landbúnaðarland minnkað. Með fyrirhugaðri breytingu munu þéttbýlismörk Reykholts stækka sem nemur umræddu svæði.

Auk þess kemur fram að stefnt er að því að deiliskipuleggja 28,7 ha íbúðarbyggð á skipulagssvæðinu þar sem gert er ráð fyrir einbýlis-, par- og raðhúsum á 98 lóðum, auk einnar lóðar fyrir verslun og þjónustu (S2).

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stofnunin veitti umsögn varðandi vinnslutillögu verkefnisins 31. ágúst sl.¹

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur

¹ https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Ums%c3%b6gn_Reykholt.pdf